

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 16. maí 2018
UST201804-292/B.S.
10.05.04

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Suðurnesjalína 2. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Umhverfisstofnun telur að settir hafi verið fram fjölbreyttir valkostir þ.e. bæði loftlínur á ýmsum svæðum, tveir kostir um legu jarðstrengs auk ýmissa kosta sem fela í sér blandaðar leiðir loftlína og jarðstrengja sem og kost sem felur í sér langingu sæstrengs. Stofnunin telur rökstuðning varðandi valkosti sem ekki er talin ástæða til að fjalla frekar um góðan. Umhverfisstofnun telur áherslur og og umhverfispætti sem ætlunin er að fjalla um fullnægjandi, enda hefur þessi framkvæmd verið nokkuð lengi til skoðunar.


Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir með myndrænum hætti legu strengs sunnan Reykjanesbrautar miðað við fjarlægðarmörk Vegagerðarinnar. Sérstaklega ætti að gera grein fyrir áhrifum strenglagnar á Afstapahraun. Einnig ætti að gera grein fyrir hversu nálægt Suðurnesjalínu 1 er hægt að leggja jarðstreng miðað við að strengur og lína liggi samsíða ef slíkt fyrirkomulagi væri til þess fallið að draga úr raski á hraun.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri